



Langanesbyggð

20. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þriðjudaginn 16. ágúst 2016 og hófst kl. 16:00.

Mætt eru:

Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Stefán Benjamínsson, Sólveig Sveinbjarnardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki. Formaður bauð Ásdísi velkomna til starfa og gaf henni orðið. Einnig var Stefán boðinn velkominn sem nýr fulltrúi í fræðslunefnd.

Dagskrá:

1. Skýrsla Grunnskólans á Þórshöfn

a. Skólasetning

Ljóst er að það þarf að fresta skólasetningu um nokkra daga vegna framkvæmda á skólahúsnæði. Áætluð skólasetning er í vikunni 29.ágúst til 2.september. Formaður leggur til að breytt verði skóladagatali þannig að kennsludögum verði náð með tilfærslu á frídögum t.d. vetrarfríi. Samþykkt að breyta því þegar dagsetning skólabyrjunar liggur fyrir.

Fyrirhugað er að bjóða uppá vistun fyrir yngsta stig þá daga sem skólinn frestast.

b. Starfmannamál

Hulda Kristín Baldursdóttir og Kamila Kinga Swierczewska verða báðar ráðnar inn sem leiðbeinendur í umsjónarkennarastöður. Valgerður Friðriksdóttir verður ráðin sem leiðbeinandi í ýmsum greinum s.s. heimilisfræði, tónlist, útinám, lífsleikni o.fl í 1.-6.bekk. Ekki eru aðrar starfsmannabreytingar.

c. Skólaakstur

Gerð hefur verið breyting á skólatíma í skólanum þannig að allir nemendur verða jafnlengi í skólanum og svo skólaakstur verði auðveldari.

Yngstu nemendur eru lítið í bóklegu námi eftir hádegi, heldur meira í sköpun og hreyfingu.

Skóla lýkur því 13:40 á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Kl 15:30 á þriðjudögum og 13:20 á föstudögum.

2. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl 18:00 og haldið uppí grunnskóla til að líta á framvindu í endurgerð skólahúsnæðis.